

Haglabýssa af Stefano gerð er upptæk gerð til ríkissjóðs.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Mánudaginn 25. september 1972.

Nr. 108/1972. **Ákærvaldið**

gegn

Guðjóni Sverri Guðnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1972, sem barst Hæstarétti 28. s. m., og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálaskostnað.

Með dómi sakadóms Rangárvallasýslu 25. nóvember 1971 var varnaraðilja dæmd 7.000.00 króna sekt og svipting öku-leyfis 7 mánuði fyrir brot gegn 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt, en samkvæmt sakavottorði, er héraðsdómari þess máls fékk í hendur, hafði varnaraðili aðeins sætt einni sekt 11. júlí 1963 vegna ölvunar, og var þar eigi getið áðurnefnds dóms.

Málalok þau, sem gerð voru með hinni kærðu dómssátt, voru óheimil að lögum, sbr. 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1969.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 2. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Hreini Sveinssyni með undirrituðum vottum. Fyrir er tekið: Kæra á hendur Guðjóni Sverri Guðnassyni fyrir áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1—7 bréf lögreglustjórans í Reykjavík 7. apríl 1972, skýrslu lögreglunnar í Reykjavík 26. febrúar s.l., skýrslu varðstjóra, blóðtökuvottorð, alkóhólrannsókn, ökuleyfissviptingu, sakavottorð.

Kl. 1344 mætir í dóminum kærði: Nafn: Guðjón Sverrir Guðnason. Staða: Verkamaður. Heimili: Brekkur, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Fæðingardagur: 31. maí 1935. Fæðingarstaður: Brekkur, Rangárvallasýslu.

Kærða er kunnert tilefni yfirheyrslunnar og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Hann segist hafa ekið bifreiðinni L 711 aðfaranótt 26. febrúar s.l. frá húsi við Blönduhlíð, þar til akstri lauk á Háaleitisbraut fyrir afskipti lögreglu. Hann segist hafa neytt vins nokkru fyrir greindan akstur og hafi hann fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi verið reducerandi efni, er samsvara 1.21% af alkóhóli.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, býður dómarinn kærða að ljúka málinu án málssóknar gegn því, að hann fallist á að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968 og 45. gr. laga nr. 82/1969 og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6

mánuði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 og 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1966, en brót hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin nú þegar.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 950.00.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 4. apríl s.l., en þá var hann sviptur ökuleyfi af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot samkvæmt 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lætur málssókn falla niður.

Mánudaginn 2. október 1972.

Nr. 40/1792. Ólafur Björnsson vegna Skóvals
 gegn
 Magnúsi Thorlacius hrl. f. h.
 Chauseres Clerget.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Björnsson vegna Skóvals, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.